

Skattavakt PwC

Fréttabréf Skatta- og lögfræðisviðs

Skattavaktin er mánaðarlegt fréttabréf PwC hf. þar sem sérfræðingar á Skatta- og lögfræðisviði félagsins skrifa um athyglisvert efni tengt skattarétti. Leitast er við að gera grein fyrir nýju efni, hvort sem um er að ræða dóma, lög, frumvörp, úrskurði eða stjórnvaldsákvarðanir.

Efnisyfirlit

Dómar

Annars vegar er reifaður dómur varðandi brot á lögum um hlutafélög vegna kaupa stjórnar á bréfum fráfarandi forstjóra. Hins vegar er reifaður dómur er varðar brot á lögum um einkahlutafélög vegna aðila sem sendu tilkynningar til Hlutafélagaskrár þar sem kom ranglega fram að þær ráðstafanir sem þar voru kynntar hefðu verið ákveðnar á löglegum hluthafafundi.

Ákvarðandi bréf RSK nr. 01/09

Í bréfi RSK er staðfest sú túlkun að frádráttarheimild 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt sé eingöngu bundin við löglega úthlutaðan arð skv. XII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, en nái

ekki til arðs skv. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Séreignarsparnaður

Vegna umræðu um setningu laga um séreignarsparnað, sem veiti sjóðfélögum tímabundna heimild til fyrirframgreiðslu úr séreignarsjóðum til að mæta brýnum fjárhagsvanda, verður hér gerð grein fyrir umfjöllun um séreignarsparnað sem birtist í vefriti fjármálaráðuneytisins á dögunum.

Umsókn um lækkun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2009

Að gefnu tilefni er hér örlítill umfjöllun um auglýsingu ríkisskattstjóra um frest vegna umsókna um lækkun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og

jöfnunargjalds á árinu 2009. Ætla má að samdráttur í efnahagslífínu leiði til þess að fleiri komi til með að sækja um lækkun af þessu tagi.

Nýtt eyðublað, RSK 5.44 – Arðgreiðslur og söluhagnaður erlendra aðila

Vakin er athygli á nýju eyðublaði sem er skilagrein staðgreiðslu vegna tekna erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu af söluhagnaði og arði íslenskra hlutabréfa, stofnbréfa og annarra réttinda til hlutdeildar í hagnaði.

CFC – löggjöf

Stutt umfjöllun um fyrirhugaða setningu CFC-reglna hérlendis.



Dómar

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur E-4033/2008

V höfðaði mál á hendur stjórn Glitnis banka hf. sökum þess að hún keypti fyrir hönd bankans hlutabréf Bjarna Ármannssonar á yfirverði.

Málavextir voru þeir að á aðalfundi Glitnis banka hf., dags. 20. febrúar 2007, var samþykkt tillaga stjórnar félagsins að veita henni heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu og skyldi kaupverð vera lægst 10% lægra og hæst 10% hærra en skráð kaup- eða sölugengi í Kauphöll Íslands hf. Þá var einnig samþykkt tillaga stjórnar um að heimilt væri að veita forstjóra til viðbótar við föst laun, kaupaukagreiðslur, starfsfríðindi og árangurstengdar kaupaukagreiðslur.

Tveimur mánuðum eftir aðalfund var haldinn hluthafafundur í bankanum, ný stjórn kosin og ráðinn nýr bankastjóri. Nýrri stjórn var kynntur samningur við fráfarandi bankastjóra, Bjarna Ármannsson, sem gerður hafði verið með fyrirvara um samþykki stjórnarinnar. Stjórnin tók þá ákvörðun að samþykkja samninginn um kaup á hlutum Bjarna Ármannssonar í bankanum og var kaupverð á hlut 29 krónur en meðalverð var þá 26,66 krónur á hvern hlut. Hæsta verð þennan dag var 26,95 krónur á hlut og lægsta verð 26,50 krónur á hlut.

Að mati héraðsdóms braut stjórn Glitnis banka hf. gegn ákvæði 76. gr. hlutafélagalaga með því að gera samning við Bjarna Ármannsson um kaup á hlutum hans enda hefði öðrum hluthöfum ekki verið boðið slíkt verð fyrir sína hluti. Þá hafi stjórnin ekki sýnt fram á með haldbærum rökum að þörf hafi verið fyrir bankann að greiða yfirverð fyrir umrædda hluti auk þess sem heimild til kaupanna hafi ekki verið til staðar, sbr. heimild hluthafafundar, dags. 20. febrúar 2007, með vísan til 3. mgr. 55. gr. hlutafélagalaga.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur S-1489/2008

Málavextir voru þeir að Á samdi við endurskoðunarfyrtækið KPMG um að það myndi finna fjárfesta að tilteknu viðskiptatækifæri í Króatíu sem hafði verið kynnt fyrirtækinu. Samið var um að CF Fyrirtækjasala ehf. sem var í eigu KPMG, seldi Á einkahlutafélagið FS13 ehf., sbr. afsal dags. 15. desember 2006, og skyldi KPMG finna fjárfesta sem kæmu með hlutafé inni félagið. Fyrir tilstilli KPMG hafi félag í eigu R samið við A um inngöngu í FS13 ehf. og þátttöku í viðskiptatækifærinu. Skyldi R leggja til fé svo hægt væri að framkvæma það sem stefnt var að í Króatíu. Í framhaldinu var samþykktum FS13 ehf.

breytt og voru fjórir í stjórn en Á og R einir með prókúru og ákærði HJ var ráðinn framkvæmdastjóri.

Fljótlega fór að gæta óánægju hjá R og HJ um aðkomu Á að félaginu enda hefði hann ekki staðið við sinn hluta samkomulagsins. Var því ákveðið að halda hluthafafund í FS13 ehf. á skrifstofu KPMG þann 11. desember 2007 klukkan 10:00. Ákærði HJ ritaði fundargerð þar sem fram kom að báðir hluthafar væru mættir og teldist fundurinn því löglegur í félaginu FS13 ehf. Var rætt um að Á hefði ekki staðið við gefin loforð í hluthafasamkomulagi auk þess sem hann hefði ekki greitt umsamið hlutafé. Þá vildi R ræða hvernig hægt væri að halda áfram með félagið en ljóst væri að Á og R myndu ekki starfa saman í verkefninu. R bauð Á því að vera ráðgjafi hjá félaginu og lagði til að fundinum yrði frestað til klukkan 15:00 og myndi þá vera tilbúinn samningur um þessi atriði. Á myndi fara frá félaginu ef hann samþykkti þessa tillögu. Á mætti síðan ekki á fundinn klukkan 15:00. Þegar þetta var ljóst kemur fram í fundargerð að Á sé ekki löglegur eigandi FS13 ehf. og að ákærða HJ hafi lengi verið ljóst að Á hefði ekki greitt hlutafé sem hann hafi verið krafinn um þegar hann keypti FS13 ehf. Því væri ákveðið að setja hann út úr stjórn félagsins og stofna nýja stjórn með löglegum hluthöfum. Var tilkynning um breytta stjórn og prókúruhafa send Fyrirtækjaskrá í framhaldinu og rituðu ákærðu HJ og ÁG undir tilkynninguna og nýjar samþykktir undirritaðar af HJ.

Fyrirtækjaskrá vísaði tilkynningunni frá þar sem fráfarandi stjórnarmenn höfðu ekki staðfest hana rétta svo sem vinnureglur skrárinnar gerðu ráð fyrir. Voru ákærðu ÁG og HJ mjög ósáttir við synjun skráningar og lagði HJ m.a. hart að forstöðumanni Fyrirtækjaskrár um að víkja frá fyrrgreindri vinnureglu skrárinnar enda miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi og ekki unnt með skömmum fyrirvara að fá undirskriftir þær sem farið var fram á. Féllst forstöðumaður Fyrirtækjaskrár á að gera undantekningu í þessu tilviki og heimila skráningu.

Fór lögmaður Á fram á það við Fyrirtækjaskrá að framangreind skráning yrði felld úr gildi og fyrri skráning félagsins yrði látin standa óbreytt, enda stýddist skráningin ekki við lögmatar aðgerðir í félaginu.

Í framhaldinu voru ÁG og HJ ákærðir fyrir brot gegn lögum um einkahlutafélög með því að hafa vísitandi sent Hluthafagaskrá ranga tilkynningu vegna einkahlutafélagsins FS13 ehf. varðandi breytingu á prókúru, stjórn og firmaáritun og nýjar samþykktir, þar sem fram kom ranglega að þær ráðstafanir sem þar voru tilkynntar hefðu verið ákveðnar á löglegum

hluthafafundi einkahlutafélagsins en ákærðu, sem skrifuðu undir fundargerð fundarins, væru þá fullkunnugt um að svo var ekki og að þær ráðstafanir sem tilkynningin varðaði væru því ólöglegar.

Héraðsdómur taldi brotavilja ákærðu einbeittan og að brot þeirra hafi beinst gegn mikilvægum hagsmunum sem felast í rétttri skráningu félaga hjá Hlutafélagaskrá.

Ákvarðandi bréf RSK nr. 01/09.

Túlkun á frádráttarheimild 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt

Ríkisskattstjóri hefur sent frá sér ákvarðandi bréf þar sem fram kemur túlkun embættisins á ákvæði 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Í ákvæðinu felst heimild til handa tilteknum lögaðilum til að færa til frádráttar tekjum sínum fjárhæð sem þeir hafa fengið greidda í arð af hlutum og hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Í ákvæði 11. gr. sömu laga er skilgreint hvaða greiðslur teljast skattskyldur arður. Auk hefðbundinna arðgreiðslna, þ.e. arðs sem greiddur er í samræmi við 99. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 74. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, teljast ýmsar aðrar greiðslur til arðs samkvæmt ákvæðinu. Sem dæmi má nefna úthlutun við félagsslit sem er umfram kaupverð bréfanna og lækkan hlutafjár, sem er greidd til hluthafa, umfram kaupverð.

Í bréfi ríkisskattstjóra kemur fram að í ákvæði 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, hafi engar takmarkanir verið tilgreindar á því hvaða arðgreiðslur umrædd frádráttarheimild tók til. Þvert á móti hafi verið látið við það sitja að vísa til 4. tölul. C-liðar 7. gr. laganna. Með 4. gr. laga nr. 166/2007, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, hafi verið gerð breyting á 9. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt, á þann veg að afmarka frádráttarheimild við arð samkvæmt XII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög og snúi fyrirspurnin að þeirri breytingu.

Ríkisskattstjóri bendir á að í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 166/2007 segi, að með breytingunni sé einungis ætlað að hnykkja á því að frádráttarheimildin sé einvörðungu bundin við löglega úthlutaðan arð, skv. tilgreindum köflum laga um hlutafélög og einkahlutafélög, en taki ekki til dulinna arðsúttekta. Verði því að fallast á það með fyrirspyrjanda að tilgangur löggjafans hafi verið að tryggja að duldar arðgreiðslur verði ekki felldar undir ákvæðið. Að engu sé vikið að arði í rýmri merkingu

þess hugtaks, þ.e. venjulegum arði eða öðrum úthlutunum til hluthafa samkvæmt 11. gr. laga nr. 90/2003, að öðru leyti en því að tiltaka að ákvæðið taki ekki til dulinna arðsúttekta.

Að sögn ríkisskattstjóra var tilgangurinn með setningu ákvæðis 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að setja á einfalt kerfi til að koma í veg fyrir margsköttun við arðgreiðslur á milli hlutafélaga. Þannig væri byggt á því að hagnaður hlutafélags yrði skattlagður í því hlutafélagi sem hann myndaðist upphaflega í og síðan með 10% fjármagnstekjuskatti þegar hann yrði greiddur út í formi arðs til endanlegs móttakanda, þ.e. hluthafa sem er einstaklingur, sameignarfélag eða starfar í öðru félagsformi þar sem úttekt úr félaginu er skattfrjáls. Eftir upphaflegu skattlagninguna hjá hlutafélaginu geti arður hins vegar gengið á milli hlutafélaga án þess að mynda skattstofn. Hvað söluhagnað hlutabréfa varðar er tekið fram í athugasemdunum að ekki sé lögð til breyting á skattlagningu hans. Segir að rökin fyrir því að gera arð frádráttarbæran hjá hluthafa séu þau að arðurinn sé greiddur af hagnaði ársins eða uppsöfnuðum hagnaði frá fyrri árum. Hagnaður af sölu hlutabréfa sé hins vegar annars eðlis. Að hluta til kunni að vera um að ræða hagnað, sem ekki hefur verið greiddur út og safnast hefur upp, en oft sé að stórum hluta um að ræða verðaukningu á hlutum umfram beina hækkun á eigin fé félagsins. Til grundvallar söluhagnaðinum liggi þannig ekki rekstrarhagnaður sem þegar hefur verið skattlagður eins og um sé að ræða þegar arður eigi í hlut. Af athugasemdum frumvarpsins verði þannig ráðið að ákvæðið hafi í raun verið sett með venjulegan arð í huga. Í ljósi þess að enginn slíkur fyrirvari hafi verið settur í ákvæðið um það hvaða úthlutanir það næði til verði að ganga út frá því að ákvæðið hafi tekið til arðs í skilningi 11. gr. laga nr. 90/2003, eins og hugtakið er skilgreint á hverjum tíma.

Sú breyting sem gerð var á ákvæði 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 árið 2007 þrengdi hins vegar gildissvið ákvæðisins verulega þar sem heimild er, skv. orðalagi ákvæðisins, bundin við löglega úthlutaðan arð skv. XII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Í athugasemdum með breytingalögum segir ennfremur að breytingin sé gerð til að hnykkja á að heimildin sé bundin við slíkan arð. Að lokum kveður ríkisskattstjóri á um að samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum verði við þessar aðstæður fyrst og fremst að líta til orðanna hljóðan við túlkun á greindu lagaákvæði. Samkvæmt skýru orðalagi ákvæðisins sé heimildin nú bundin við arðsúthlutun samkvæmt XII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Ekki verði fallist á að um þrönga túlkun á ákvæðinu sé að ræða. Þvert á móti felist sú niðurstaða í túlkun þess samkvæmt orðanna hlióðan.

Séreignarsparnaður

Samkvæmt gildandi lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs 12% af iðgjaldsstofni. Samkvæmt lögnum skal lágmarkstryggingavernd, sem lífeyrissjóður veitir, miðað við framangreint lágmarksiðgjald og 40 ára inngreiðslutíma, vera 56% af mánaðarlaunum frá þeim tíma sem taka lífeyris hefst. Geri lágmarksiðgjaldið gott betur en að standa undir lágmarkstryggingaverndinni (skv. tryggingafræðilegri athugun) má verja þeim hluta iðgjaldsins sem umfram er til öflunar réttinda í séreign.

Greiðsla lífeyrisiðgjalda, bæði lágmarksiðgjalds og viðbótariðgjalds í séreignarsjóði, felur í sér frestun skattlagningar þar til lífeyristaka hefst. Staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars er því dregin frá lífeyri réttihafa áður en til útgreiðslu kemur að teknu tilliti til persónuafsláttar og annast vörsluaðili skil á þeirri staðgreiðslu. Í dag er staðgreiðsluhlutfallið 37,2%.

Séreignarlífeyrir er laus til útborgunar við 60 ára aldur, örorku eða fráfall sjóðfélaga. Í lok árs 2008 var samþykkt sú breyting á lífeyrissjóðnum að vörsluaðila sé heimilt að greiða séreignarlífeyri út í einu lagi við 60 ára aldur, en samkvæmt eldri lögum skyldi greiðslu dreift á árinu frá upphafi lífeyristöku þar til réttihafi næði 67 ára aldri.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga sem ætlað er að gera þeim einstaklingum, sem greitt hafa viðbótariðgjald í séreignarsjóði í þeim tilgangi að byggja upp séreignarsparnað, kleift að nota þá fjármuni tímabundið, að ákveðnu marki sem að öðrum kosti væru bundnir til 60 ára aldurs. Lagt er til að bætt verði við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ákvæðum til bráðabirgða sem heimila útgreiðslu séreignarsparnaðar að hámarki 1 millj. kr., að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Auk þess eru lagðar til fáeinir minni háttar lagfæringar á lögnum. Þá er lagt til að sett verði ákvæði til bráðabirgða við lög um staðgreiðslu opinberra gjalda, lög um tekjuskatt, og lög um atvinnuleysistryggingar, í tengslum við þessa tímabundnu heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Talið er að um 300 milljarðar króna liggi í séreignarlífeyrissparnaði í dag í formi margvíslegra og að sama skapi misáhættusamra eigna, allt eftir því hvaða sparnaðarleið réttihafi hefur valið sér. Þessi fjárhæð innifelur þann séreignarsparnað sem til varð fyrir gildistöku lífeyrisslaganna 1998. Ekki liggur fyrir hvernig fjárhæðin skiptist á milli flokka séreignar, en lausleg athugun bendir til þess að allt að fjórðungur hennar sé að stofni til hluti af hinu skyldubundna iðgjaldi og eldri séreign.

Umsókn um lækkun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2009

Frestur vegna umsókna um lækkun fyrirframgreiðslu ársins 2009 er 1. apríl nk. vegna einstaklinga, en 31. maí 2009 vegna lögaðila. Umsóknir, ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið póstagðar til skattstjóra í umdæmi umsækjanda fyrir lok umsóknarfrests.

Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skattstofn, vegna tekjuársins 2008 sé a.m.k. 25% lægri en sá skattstofn, sem fyrirframgreiðslan ákvarðast af, þ.e. tekjuárið 2008 og að álögð gjöld 2009 muni af þeim sökum að lágmarki verða 50.000 kr. lægri en við álagningu 2008.

Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur fyrir lækkun með framlagningu skattframtals 2009 ásamt lögboðnum fylgiskjöllum auk þess sem ársreikningar skulu fylgja skattframtölum rekstraraðila. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2009 ásamt fylgigögnum er nægilegt að vísa til þess í umsókninni.

Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar.

Nýtt eyðublað, RSK 5.44 – Arðgreiðslur og söluhagnaður erlendra aðila

Ríkisskattstjóri hefur tekið í notkun nýtt eyðublað sem er skilgrein staðgreiðslu vegna tekna erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu, þ.m.t. þeirra Íslendinga sem eru búsettir erlendis, af söluhagnaði og arði íslenskra hlutabréfa, stofnbreifa og annarra réttinda til hlutdeildar í hagnaði, sbr. 7. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Þetta eyðublað á eingöngu að nota við staðgreiðsluskil á sköttum vegna takmarkaðrar skattskyldu samkvæmt 7. tl. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og skv. ákvæðum í lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þeir sem falla ekki undir 1. gr. tekjuskattslaganna eru skattskyldir vegna arðs eða sölu hagnaðar skv. 7. tl. 3. gr. laganna. Þeim sem inna af hendi greiðslur til aðila sem falla undir ákvæði 7. tl. 3. gr. ber að fylla út þetta eyðublað, dagsetja, undirrita og skila til innheimtumanns ríkissjóðs í því umdæmi þar sem greiðandi á lögheimili ásamt greiðslu skatta sé um skattgreiðslu að ræða. Uppgjörstímabil er almanaks mánuðir og gjalddagi vegna liðins mánaðar er fyrsti virki dagur næsta mánaðar, en eindagi 14 dögum síðar.

Við útfyllingu eyðublaðsins er gert ráð fyrir að greiðandi staðgreiðslu afli ítarlegra upplýsinga, t.d. upplýsinga um kaupverð hlutabréfa þegar um sölu slíkra bréfa er að ræða. Það má ímynda sér að þessi upplýsingaöflun geti reynst erfið og þar með verði erfitt að reikna út réttan stofn til útreiknings skilaskyldrar staðgreiðslu af tekjum sem síðan mynda ekki stofn til tekjuskatts í almennri álagningu opinberra gjalda, a.m.k. ekki hjá lögaðilum.

CFC – löggjöf

Þann 27. febrúar sl. var afgreitt úr ríkisstjórn lagafrumvarp sem felur m.a. í sér setningu svonefndra CFC-reglna (Controlled Foreign Corporation). Hér er um að ræða reglur sem fela í sér þvingaða samsköttun, þ.e. að lagður er skattur á hluthafa erlendra félaga á lágskattasvæðum vegna þess hagnaðar félagsins sem á uppruna sinn þar.

Hérlendis hafa engar reglur verið lögfestar sem ganga eins langt og CFC-reglur í að skattleggja hluthafa erlendra hlutafélaga sem staðsett eru á lágskattasvæðum. Sú lögfesta regla sem næst kemst framangreindum reglum er að finna í ákvæði 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem kveður á um frádráttarbærni arðs frá erlendum hlutafélögum. Í ákvæðinu kemur fram að frádráttur fáiast vegna

arðgreiðslna frá erlendum hlutafélögum svo fremi sem hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hérlendis.

Með framangreindum CFC-reglum er því verið að ganga lengra í að stemma stigu við skattasniðgöngu þegar tekjur eru fluttar úr landi til félaga sem stofnsett eru á lágskattasvæðum án þess að hafa raunverulega starfsemi þar.

Ítarlegri umfjöllun um CFC-löggjöf verður að finna í Skattavaktinni þegar frumvarpið verður að lögum.

Skatta- og lögfræðisvið PricewaterhouseCoopers

Við hjá Skatta- og lögfræðisviði bjóðum upp á margs konar þjónustu, þar með talið ráðgjöf varðandi:

Alþjóðlega skattaráðgjöf · Milliverðlagningu („Transferpricing“) · Skattlagningu rekstraraðila
Skattlagningu einstaklinga · Virðisaukaskatt · Félagarétt · Samruna, skiptingar og yfirtökur

Starfsmenn sviðsins hafa mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á sviði skatta- og Félagaréttar og veita viðskiptavinum aðstoð og ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitaefni sem skapast innanlands sem og erlendis.

Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina þá er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

Ábyrgðarmaður:
Elín Árnadóttir
Sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs
Sími: +354 550 5322
elin.arnadottir@is.pwc.com

Ritstjóri:
Ásta Kristjánsdóttir
ráðgjafi/lögfræðingur
Sími: +354 550 5352
asta.kristjansdottir@is.pwc.com